

AM 561 4^{TO} OG LJÓSVETNINGA SAGA¹

1. Inngangur

Talið er að skinnhandritið AM 561 4to hafi verið skrifað um 1400. Á því er ein rithönd en skrifarinn er ókunnur. Handritið hefur nú að geyma þrjár sögur á 41 blaði: Reykdæla sögu sem er á bl. 1r–16v, Gull-Þóris sögu (Þorskfirðinga sögu) á bl. 16v–32r og Ljósvetninga sögu á bl. 32v–41v. Allar eru sögurnar skörðóttar, bæði vegna þess að blöð hafa týnst úr handritinu og vegna þess að síður hafa verið skafnar upp.

Varðveisla Ljósvetninga sögu er nokkuð sérstök en hún er varðveitt í tveimur gerðum sem yfirleitt eru kallaðar A-gerð og C-gerð og er töluverður munur á þeim í vissum hlutum sögunnar en annars eru þær að mestu samhljóða.² Sagan er einnig merkileg fyrir þá sök að í C-gerð eru fjórir þættir sem sumir fræðimenn telja að séu samdir sérstaklega og komi söguþræði Ljósvetninga sögu ekki beint við, þ.e. að þeir séu innskot (sjá t.d. *ÍF10*:xxiii). Þetta eru Sörla þáttur, Ófeigs þáttur, Vöðu-Brands þáttur og Þórarins þáttur ofsa. Þrír fyrstnefndu þættirnir eru framarlega í sögugerðinni (5.–12. kafli), en Þórarins þáttur ofsa er síðasti kafli hennar (32. kafli).³ Sömu fræðimenn hafa einnig haldið því fram að þar sem gerðunum ber illa saman hafi C-gerð verið umsamin og A-gerðin sé eldri, en aðrir halda því fram að það sé A-gerð sem hafi verið umsamin – eða öllu heldur stytt – og C-gerðin sé eldri (sjá Andersson 1964:165, 2006:120).

¹ Þessi grein er byggð á fyrirlestri sem var fluttur á Þingeyjarþingi, sagnþingi í héraði, á Laugum í Reykjadal á vegum Stofnunar Sigurðar Nordals 14. ágúst 2005.

² Hér á eftir er miðað við kaflaskiptingu C-gerðar (sjá *Ísl. 1830*:11–112, *Ljósv. 1880*:113–255 og *Ísl. 1986*:1655–1716, 2259–61).

³ Nokkrir útgefendur sögunnar hafa af þessum sökum prentað þessa þætti sérstaka og þar með verið ósammála skrifurum á 15. og 17. öld.

Markmiðið með þessari grein er ekki að fjalla um aldur Ljósvetninga sögu eða hvor gerð hennar muni vera eldri og upphaflegri, heldur að sýna fram á með athugun á kveraskiptingu AM 561 4to að Ljósvetninga saga hafi aldrei verið öll í því handriti; aðeins fyrri hluti hennar hafi verið í því. Sýnt verður fram á að sagan í þessu handriti hafi endað þar sem 21. kafla lýkur og að lok hans hafi verið á næstöftustu blaðsíðu handritsins en aftasta blaðið hefur glatast. Í þessum kafla er sagt frá dauða Guðmundar ríka á Möðruvöllum en umræddur kafla getur vel staðið sem niðurlag sögunnar. Jafnframt verður tekið undir með Guðbrandi Vigfússyni (1878:1vi) og Guðmundi Þorlákssyni (*Ljósv. 1880:xxii–xxiii*) að Sörla þáttur, Ófeigs þáttur og Vöðu-Brands þáttur hafi aldrei verið í umræddu handriti.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir handritinu AM 561 4to og kveraskiptingu þess (3. kafla) og skyldleika þess við önnur handrit en þar verður einnig fjallað um Reykdæla sögu og Gull-Þóris sögu sem eru í 561 (4. kafla). Enn fremur verður tínt til það sem vitað er um sögu handritsins (5. kafla), en á hinn bóginn verður ekki mikið fjallað um Ljósvetninga sögu sjálfa og deilur um samsetningu hennar. Þó verður ekki komist hjá því að gera stutta grein fyrir varðveislu sögunnar og handritum, þáttaskiptingu og helstu útgáfum (2. kafla).

2. Ljósvetninga saga

2.1 Handrit

Ljósvetninga saga er varðveitt í tveimur skinnhandritum. Annað þeirra er áður nefnt AM 561 4to og er A-gerð sögunnar í því. Ekki er vitað til að A-gerðin sé varðveitt í öðrum handritum og er 561 því eina textavitni hennar. Fjallað verður nánar um 561 í 3. kafla. Hitt skinnhandritið er AM 162 C fol frá fyrri hluta 15. aldar.⁴ Það er nú aðeins 11 blöð og hefur að geyma brot af Ljósvetninga sögu (3 bl.), brot af Vopnfirðinga sögu (1 bl.), brot af Droplaugarsona sögu (1 bl.), brot af Finnboga sögu ramma (1 bl.), brot af Þorsteins þætti stangarhöggs (1 bl.) og brot af riddarasögunni Saulus sögu og Nikanors (4 bl.) (*Katalog*:121–22).⁵ Handritið hefur að geyma u.þ.b. 16% Ljósvetninga sögu

⁴ Ólafur Loftsson í Hvassafelli mun að líkindum hafa skrifað þetta handrit (Stefán Karlsson 1970:138).

⁵ Guðbrandur Vigfússon og F. York Powell gera ráð fyrir því að í handritinu hafi verið fleiri sögur en hér eru nefndar og að alls hafi það verið 128 blöð (sjá *Origines*:345). Hér á eftir verður Guðbrandur aðeins tilgreindur sem útgefandi Ljósvetninga sögu og gert ráð fyrir að

að þáttunum fjórum meðtöldum. Sörla þáttur, Ófeigs þáttur og Vöðu-Brands þáttur eru allir varðveittir að hluta (hver um sig) í þessu handriti ásamt hluta af sögunni sem kemur í framhaldi af Vöðu-Brands þætti, svo og hluta af sögunni um viðskipti Eyjólfss Guðmundarsonar á Möðruvöllum og Fnjóskdæla.⁶

Öll pappírshandrit sögunnar, sem hafa verið rannsökuð, hafa verið talin skyld AM 162 C fol og er sá handritaflokkur kallaður C-gerð (*ÍF10*:lvii). Þórarins þáttur ofsa er í beinu framhaldi af sögunni í pappírshandritunum sem síðasti kafli hennar og er þar með hluti hennar eins og hinir þættirnir þrír (sjá *Ljósv. 1880*:250–55). Sörla þátt, Ófeigs þátt og Vöðu-Brands þátt vantar alla í AM 561 4to eins og áður hefur komið fram, og svo virðist sem þeir hafi aldrei verið í handritinu. Vegna þess að síðari hluta sögunnar vantar í 561 verður hins vegar ekki fullyrt hvort Þórarins þáttur ofsa hefur einhvern tíma verið hluti A-gerðar, en ólíklegt er, eins og komið verður að í kafla 3.4, að síðari hluti sögunnar (og þátturinn þar með) hafi nokkurn tíma verið í 561.

Guðmundur Þorláksson (*Ljósv. 1880*:xix–xx, xxv, xxviii) og Björn Sigfússon (*ÍF10*:lvii) fullyrða báðir að öll pappírshandrit sögunnar séu runnin út af AM 162 C fol, þ.e.a.s. þau pappírshandrit sem þeir þekktu.⁷ Það hefur því verið heilt að mestu þegar það var skrifað upp.⁸ Því til sönnunar bendir Guð-

það efni, sem vitnað verður til um þáttaskiptingu hennar og handritið AM 561 4to, sé frá honum komið. Guðbrandur flutti til Englands árið 1864 og dó þar árið 1889 (Páll Eggert Ólason 1949:114) eða 16 árum áður en *Origines* kom út, en hann hafði tæpt á sumu af því, sem hann fjallaði um þar, í bók sinni um Sturlungu (sjá Guðbrandur Vigfússon 1878:lv–lvi). Gera má ráð fyrir að margt af því, sem hann segir í þessum bókum um handrit Íslendingasagna, byggi á rannsóknum sem hann vann að áður en hann flutti til Englands.

⁶ Fyrsta blað sögunnar nær yfir 5.–7. kafla (Sörla þátt og Ófeigs þátt). Annað blaðið nær yfir 11.–13. kafla (Vöðu-Brands þátt og aftur í samtal Geirlaugar á Laugalandi og Þórlausar á Möðruvöllum). Þriðja blaðið nær yfir 24.–27. kafla (eftirmál bardagans við Kakalahól). Ekki er átt við að hvert blað nái yfir fulla þrjá eða fjóra kafla hvert um sig.

⁷ Guðmundur telur upp handritin sem hann notaði við útgáfuna, en þau eru (*Ljósv. 1880*:xxiv–xxv, xxviii–xxxii): AM 514 4to (B) frá s.hl. 17. aldar, AM 485 4to (C1) frá lokum 17. aldar, AM 554 e 4to (C2) frá lokum 17. aldar, Kall 616 4to (C3) frá f.hl. 18. aldar, Kall 621 4to (C4) frá f.hl. 18. aldar, NKS 1714 4to (C5) frá um 1715, Thott 984 I fol (C6) frá miðri 18. öld og JS 428 4to (C7) frá um 1820–40, en hann vissi af fleirum sem hann hafði ekki tók á að rannsaka, svo sem Sth papp 35 fol frá 1686–87 og Rask 30 frá um 1770. Björn Sigfússon nefnir flest þessara handrita en til viðbótar hefur hann notað JS 624 4to (L) frá 1695, sem hann telur vera formóður Kall 616 4to, NKS 1704 4to (sagan skrifuð tvisvar sinnum) frá um 1700, Lbs 1629 4to frá 18. öld og JS 315 4to frá um 1700 (*ÍF10*:lviii–lix, 2).

⁸ Við lok Sörla þátts (5. kafla) er ættartala og vantar nokkrar línur í upphaf hennar í AM 162 C fol og öll pappírshandritin, að því er virðist. Skýringin gæti verið sú að skrifari 162 C hafi hlaupið yfir póst (línu?) í forriti sínu. Hallgrímur Scheving gerði sér að leik að fylla í þessa eyðu frá eigin brjósti og er eyðufyllingin í JS 428 4to. Guðmundur Þorláksson prentaði hana meðanmáls í útgáfu sinni (*Ljósv. 1880*:131) sem og Björn Sigfússon (*ÍF10*:113), en Valdimar

mundur á að í öll handritin vanti nokkur orð á sama stað þar sem hlaupið hafi verið yfir línu í forriti. Í AM 162 C fol stendur (*Ljósv. 1880:129–130*):

Þórarinn mælti: «*hverju léztú svarat verða?*» «*Eigi sýndiz mér þat*» *kvað hann. «Hvat kom til þess, hefir hann eigi ættina til, eða er hann eigi svá vel mannaðr sem þú vilt?»*

Klausuna „hverju – svá“, sem er skáletruð hér, vantar í öll pappírshandritin að sögn Guðmundar og þess vegna hljóta þau að vera runnin út af einu afriti 162 C.⁹

Pappírshandritin eru samkvæmt þessu runnin frá einu eftirriti skinnhandritsins sem villan hefur komist inn í. Einnig bendir Guðmundur á að pappírshandritin endi á sömu setningunni í Þórarins þætti ofsa svo að þau hljóta að vera komin af einu og sama handritinu (*Ljósv. 1880:255*). Telja verður afar sennilegt að þátturinn hafi verið í AM 162 C fol fyrst hann er í pappírshandritunum.¹⁰

Handritið AM 514 4to frá s.hl. 17. aldar er merkilegt fyrir þær sakir að allur síðari hluti Ljósvetninga sögu er dreginn saman í einn kafla.¹¹ Í þessu handriti er fyrri hluti sögunnar í heild sinni en Eyjólfss saga og Ljósvetninga í útdrætti, en útdrátturinn nær ekki yfir Þórarins þátt ofsa. Guðmundur Þorláksson (*Ljósv. 1880:xxiv–xxv*) var í nokkrum vafa um hvernig hann ætti að flokka 514 – kallaði það *B* en ekki *C* – og segir að það sé í mörgu réttara en hin pappírshandritin.¹² Augljóst er að AM 514 4to tilheyrir *C*-gerð, þótt það kunni

Ásmundarson prentaði hana þar sem hún á heima í sögunni (*Ljósv. 1896:15*), reyndar með breyttu letri. Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólason sleppa hins vegar ættartölunni með þeim orðum að þættinum virðist lokið (*Ísl. 1971:258*) og það sama gera Theodore M. Andersson og William Ian Miller (1989:138).

⁹ Guðmundur segir að skrifarar sumra pappírshandritanna reyni að laga málsgreinina til að fá botn í merkinguna (*Ljósv. 1880:129–130*).

¹⁰ Þórarins þátt ofsa þrýtur í miðjum klíðum vegna þess að AM 162 C fol eða einhver önnur formóðir pappírshandritanna, sem varðveita þáttinn, hefur verið skert. Hallgrímur Scheving samdi einnig niðurlag þáttarins (JS 428 4to) sem Guðmundur Þorláksson prentaði neðanmáls (*Ljósv. 1880:255–56*) en Valdimar Ásmundarson sem niðurlag þáttarins, reyndar með breyttu letri (*Ljósv. 1896:121–23*).

¹¹ Sama er að segja um NKS 1704 4to frá um 1700. Ljósvetninga saga er skrifuð tvisvar í þessu handriti, þ.e. á bl. 1r–46r og bl. 47r–71r og 72v, og er hér átt við seinni söguna (*ÍF10:lix*); trúlegt er að hún sé komin út af AM 514 4to.

¹² Um handritin AM 514 4to og NKS 1704 4to (seinni söguna) segir Björn Sigfússon að þau séu sérstök gerð, en stuttu framar segir hann að yfir 30 pappírshandrit séu til af sögunni og stafi „þau frá einu og glötuðu afriti af *C*“ (*ÍF10:lvii, lix*).

að vera sérstakur flokkur innan hennar, ef marka má lesbrigði þau er Guðmundur prentar í útgáfu sinni á sögunni (*Ljósv. 1880*) og þá hlýtur útdrátturinn að vera ungur, jafnvel frá síðari hluta 17. aldar.¹³

Vegna þess hve Ljósvetninga saga er illa varðveitt í AM 561 4to skiptist hún aðeins í 6 kafla. Fyrstu kaflaskil sögunnar í handritinu eru á þeim slóðum sem 18. kafli hefst í C-gerð, en það hljóta samt að hafa verið kaflaskil framar í sögunni, t.d. þar sem 13. kafli C-gerðar hefst. 2., 3. og 4. kafli A-gerðar samsvara því 18., 19. og 20. kafla C-gerðar og 5. og 6. kafli A-gerðar samsvara 21. kafla C-gerðar. Í pappírshandritunum er fjöldi kafla á reiki, 32 í sumum, en 54 eða 55 í öðrum (*ÍF10:lviii*).

Í AM 561 4to hefst Ljósvetninga saga efst á bl. 32v og aftast í efstu línu er skrifað með rauðu bleki: 'liosvetninga s(aga)', en í pappírshandritum C-gerðar ber sagan ýmis nöfn eins og t.d. 'Hér hefur sögu af Þorgeiri goða, Guðmundi ríka og Þorkel hák' í AM 514 4to (*Ljósv. 1880:xxiv, ÍF10:3*).

2.2 Skipting sögunnar í þætti og gerðir hennar

Hér að framan voru nefndir fjórir þættir sem sumir fræðimenn telja að hafi verið skotið inn í C-gerð sögunnar. Á 19. öld virðist það hafa verið nokkuð algengt meðal fræðimanna að líta svo á að Íslendingasögur væru settar saman úr þáttum (sjá *ÍF10:xxiii, xlvii*), auk þess sem Ljósvetninga saga er þannig vaxin að það er mjög auðvelt að skipta henni í þætti. Hér verður ekki tekin afstaða til álitamála af þessu tagi en sögunni skipt í eftirtalda þætti til að auðveldara verði að fjalla um einstaka hluta hennar (skiptingin byggir á C-gerð):

Ljósvetninga saga (32 kaflar)

Þorgeirs þáttur og sona hans (4 kaflar)

Sörla þáttur (1 kafli)

Reykðæla þáttur (2 kaflar)

Vöðu-Brands þáttur (5 kaflar)

Guðmundar saga ríka (9 kaflar)

Eyjólfs saga og Ljósvetninga (10 kaflar)

Þórarins þáttur ofsa (1 kafli)

¹³ Þorgeir Guðmundsson og Þorsteinn Helgason gáfu þennan útdrátt í AM 514 4to út neðanmáls (*Ísl. 1830:70–71*), en Guðmundur Þorláksson gaf hann út í viðbæti (*Ljósv. 1880:272–74*); það sama gerðu Valdimar Ásmundarson (*Ljósv. 1896:139–41*) og Benedikt Sveinsson (*Ljósv. 1921:137–39*).

Guðmundur Þorláksson (*Ljósv.* 1880:xxxii) skipti Ljósvetninga sögu í tvennt: Guðmundar sögu ens ríka (21 kafli) og Eyjólfs sögu og Ljósvetninga (11 kaflar). Hann skipti síðan Guðmundar sögu hins ríka í 6 þætti.¹⁴ Guðbrandur Vigfússon skipti sögunni að mestu leyti í sömu í þætti og Guðmundur.¹⁵

Guðmundur og Guðbrandur gera ráð fyrir að fjórir fyrstu kaflarnir séu sérstakur þáttur, þ.e. þáttur af deilum Þorgeirs Ljósvetningagoða og sona hans en Guðmundur ríki kemur þar töluvert við sögu eins og í þremur næstu þáttum. Fyrirsögn þáttarins hjá Guðbrandi – „The Tale of Thorgar and his Son, or the Story of the Men of Lightwater“ (sjá *Origines*:344) – minnir á að í raun og veru er hin eiginlega Ljósvetninga saga aðeins þessi þáttur. Þessi þáttur og sagan af Guðmundi ríka eru þó varðveitt saman í A-gerð en því miður vantar niðurlag Þorgeirs þáttar og upphaf Guðmundar sögu í handritið svo að ekki verður vitað um hvernig skilin voru þar. Þættirnir þrír sem koma næstir í C-gerð fjalla ekkert um Ljósvetninga. Aftan við Vöðu-Brands þátt fjallar sagan fyrst og fremst um Guðmund ríka og hefnd hans vegna óhróðurs sem Þórir Helgason og Þorkell hákur eru upphafsmenn að, þótt hann láti drepa mann af ætt Ljósvetninga (Þorkel hák), og eftir dauða Guðmundar fjallar sagan um Eyjólf son hans og Fnjóskdæli (sem eru reyndar margir ættaðir frá Ljósavatni) þótt Ljósvetningar og aðrir komi þar við sögu; Þórarins þáttur ofsa fjallar ekkert um Ljósvetninga.

Björn Sigfússon (*ÍF10*:xxiii–xxv) segir fullum fetum að skipting sögunnar í þætti og bókmenntaskýring Guðmundar Þorlákssonar sé misheppnuð. Hann leggur mikla áherslu á að A-gerðin sé upphafleg og segir að ekki sjáist að hún sé frábrugðin frumgerð sögunnar svo að máli skipti, en C-gerðin sé umsamin á nokkrum kafla (13.–18. kafla) og að þáttunum fjórum hafi verið bætt við hana. Jafnframt mótmælir hann kenningum um skiptingu sögunnar í þætti og

¹⁴ Guðmundur skipti Eyjólfs sögu og Ljósvetninga ekki í þætti og virðist Þórarins þáttur ofsa aðeins vera síðasti kafli sögunnar að hans mati (þ.e.a.s. ef hann telur þáttinn með), en 21. kafli sögunnar er sérstakur þáttur að mati hans: „Draumr og dauði Guðmundar ens ríka“ (*Ljósv.* 1880:194, 250).

¹⁵ Guðbrandur skiptir þó þættinum sem Guðmundur Þorláksson kallar Þóris þátt Helgasonar og Þorkels háks í tvennt, þ.e. Hörgdæla sögu og Þorkels sögu háks, og setur skilin milli þeirra inn í 18. kafla framarlega, en á þeim slóðum eru kaflaskipti í A-gerð (*Origines*:411, sjá til samanburðar *ÍF10*:44–45, *Ísl.* 1986:1684, 1726). Síðari hluta sögunnar skiptir Guðbrandur einnig í tvennt, þ.e. aðalsöguna, sem hann kallar Guðmundarsona þátt, og Þórarins þátt ofsa, sem hann kallar ranglega Þorgeirs þátt Hávarssonar (sjá *Origines*:344).

setur þá umræðu í samhengi við kenningar um sagnfestu og bókfestu (sjá Björn Sigfússon 1937:38).

Hallvard Magerøy (1957:89) tók undir með Birni að C-gerðin væri um-samin að hluta og þáttunum skotið inn í hana. Það sama gerðu Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólason (*Ísl.* 1971:xi). Guðni Jónsson tók einnig undir þessa skoðun varðandi þættina (*Ísl.* 1947:vii–ix). Áður hafði Benedikt Sveinsson viðrað þá skoðun að þættirnir væru innskot (*Ljósv.* 1921:vii–viii). Theodore M. Andersson (1964:165, Andersson og Miller 1989:70–73) mótmælti hins vegar þessari kenningu Björns og taldi að A-gerðin væri styt (umsamin) að hluta og þáttunum hafi ekki verið skotið inn í söguna (C-gerð) eftir á.

Í fyrsta hluta Ljósvetninga sögu (Þorgeirs þætti og sona hans) eru gerðir hennar líkar og einnig aftast í Guðmundar sögu ríka, þ.e. í 19.–21. kafla, en ólíkar í 13.–18. kafla. Það eru því fyrst og fremst frásögnin af viðskiptum Guðmundar ríka og Þóris Helgasonar (13.–18. kafli) og fyrri hluti frásagnarinnar um aðför Guðmundar að Þorkeli hák (18. kafli) sem eru ólík milli gerða. Allur samanburður er þó vandkvæðum bundinn því að A-gerðin er ekki heil sem kemur til af því að AM 561 4to er skert eins og áður hefur komið fram.

Munur gerðanna í 13.–18. kafla felst bæði í því að C-gerðin er lengri en A-gerðin og röð efnispáttar er ekki sú sama. Hér verður ekki athugað nánar hver orsökun kunni að vera en benda má á að mismunandi röð efnispáttar gæti verið afleiðing af því að röð blaða í handriti hafi brenglast áður en það var skrifað upp, en það skýrir ekki ólík efnisatriði eða mismunandi orðalag nema að litlu leyti eða mislangan texta í gerðunum tveimur. Theodore M. Andersson telur hins vegar að ritstjóri A-gerðar hafi styt söguna vegna þess að hann var fyrst og fremst áhugasamur um viðskipti Guðmundar ríka og Ljósvetninga og fer af þeim sökum á hlaupum yfir atriðin þar sem Þórir Akraakegg kemur við sögu (hann heitir reyndar Þorgils Akraakarl í A-gerð); jafnframt hafi ritstjóri A-gerðar verið kunnugur í Hörgárdal og þess vegna breytt nöfnum til samræmis við sagnir á því svæði (sjá Andersson og Miller 1989:70–73).

Hér verður ekki farið nánar út í þá sálma að ræða um bókfestu og sagnfestu eða hvor gerð Ljósvetninga sögu kunni að vera upprunalegri, enda er tilgangurinn með þessari grein annar, eða að sýna fram á með athugun á kveraskiptingu að síðari hluti sögunnar (Eyjólfss saga og Ljósvetninga og Þórarins þáttur ofsa) hafi aldrei verið í AM 561 4to.

2.3 Útgáfur

Ljósvetninga saga hefur nokkrum sinnum verið gefin út. Sumar útgáfurnar sýna vel hugmyndir útgefenda sinna um samsetningu sögunnar og hvor gerðin muni vera upphaflegri og jafnframt sýna þær ágætlega þróun í textafræðilegum vinnubrögðum.

Elst er útgáfa Þorgeirs Guðmundssonar og Þorsteins Helgasonar frá 1830 fyrir Hið konunglega norræna fornfræðafélag (sjá *Ísl. 1830*). Þar er C-gerðinni fylgt og handritið AM 485 4to frá s.hl. 17. aldar lagt til grundvallar útgáfunni (*Ísl. 1830*:5). Þorgeir og Þorsteinn leggja pappírshandrit frá 17. öld til grundvallar því að sagan er heil í því, þótt þeir viti um og hafi notað báðar skinnbækurnar við útgáfuna (*Ísl. 1830*:5–6).

Önnur útgáfa sögunnar er útgáfa Guðmundar Þorlákssonar frá 1880 fyrir Hið íslenska bókmentafélag (sjá *Ljósv. 1880*) og byggði Guðmundur útgáfuna fyrst og fremst á C-gerð en þó prentar hann A-gerð (AM 561 4to) þar sem gerðirnar fara efnislega saman (1.–4. og 19.–21. kafla). Af C-gerðar handritum tók hann helst mark á Kall 616 4to (C3) frá f.hl. 18. aldar þegar AM 162 C fol slepti. A-gerðin er að hluta til prentuð sérstaklega í viðauka (sjá *Ljósv. 1880*:xxii–xxiii, xxx, 113–255, 257–272). Um þessa útgáfu segir Hallvard Magerøy (1957:10) að hún sé vísindaleg í nútímaskilningi, m.a. vegna þess að Guðmundur hafnaði því að nota handritið AM 485 4to, sem Þorgeir og Þorsteinn notuðu sem aðalhandrit og Guðbrandur Vigfússon sagði að væri góð uppskrift. Magerøy telur þó að ýmsu sé ábótavant í útgáfunni eins og t.d. því að handritið AM 514 4to er kallað *B* þótt það sé augljóslega komið út af AM 162 C fol eins og önnur pappírshandrit sem Guðmundur rannsakaði (sjá einnig Björn Magnússon Ólsen 1880–81:267 og *Ljósv. 1880*:xxiv–xxv).

Í *Origines Islandicae* (bls. 355–427) er aðeins prentaður fyrri hluti sögunnar (þ.e. aftur að dauða Guðmundar ríka í 21. kafla), bæði á íslensku og í enskri þýðingu. Farið er að mestu eftir C-gerð (AM 162 C fol og AM 485 4to) en einnig er farið eftir A-gerð (AM 561 4to) í vissum köflum; að auki er hluti A-gerðar prentaður með smáu letri í viðauka (*Origines*:348, 427–30).

Björn Sigfússon gaf Ljósvetninga sögu út fyrir Hið íslenska fornritafélag árið 1940 (sjá *ÍF10*). Hann breytti út af vananum og prentaði A-gerð (AM 561 4to) sem aðaltexta – hann varð þó að prenta stóran hluta sögunnar eftir handritum af C-gerð – en efni sem er umfram í C-gerð prentaði hann sem viðbótartexta með smærra letri neðar á blaðsíðu (fjöltexta útgáfa að hluta) og þættina fjóra aftan við söguna; auk AM 162 C fol lagði hann JS 624 4to frá 1695 til grundvallar útgáfunni á C-gerð (*ÍF10*:lviii, 16–51, 107–147). Ástæða

þess að Björn lagði A-gerð til grundvallar, þar sem því varð komið við, er sú skoðun hans að hún sé upprunalegri en C-gerðin (*ÍF10*:xxiv–xxv).

Sagan hefur einnig komið út nokkrum sinnum í lesútgáfum og byggja þær eldri á útgáfu Guðmundar Þorlákssonar (sjá *Ljósv. 1896* og *Ljósv. 1921*). Útgáfa Guðna Jónssonar byggir á útgáfum þeirra beggja, Guðmundar og Björns Sigfússonar, því að útgáfu Guðmundar er fylgt hvað varðar aðaltexta; C-gerð er prentuð sem aðaltexti og hluti A-gerðar í viðbæti, en Birni er fylgt hvað varðar þættina og þeir prentaðir sérstakir fyrir aftan söguna (*Ísl. 1947*: 97–112, 113–52). Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólason fylgja hins vegar útgáfu Björns Sigfússonar án þess þó að prenta umframefni úr C-gerð (*Ísl. 1971*:179–286). Í útgáfu Svarts á hvítu eru báðar gerðirnar gefnar út og er byggt á útgáfum þeirra Guðmundar Þorlákssonar og Björns Sigfússonar; Þórarins þáttur ofsa er þó prentaður sem sérstakur þáttur en ekki sem hluti C-gerðar (*Ísl. 1986*:xxvii, 1655–1716, 1717–33, 2259–61).

Hér verður einnig að nefna útgáfu Theodore M. Anderssons og William Ian Millers frá árinu 1989, sem er reyndar aðeins í enskri þýðingu¹⁶ en með ítarlegum og fróðlegum inngangi. Andersson og Miller prenta C-gerð – þó ekki Þórarins þátt ofsa – og hluta A-gerðar í viðbæti. Að baki þessari ákvörðun um að fylgja fordæmi Guðmundar Þorlákssonar (*Ljósv. 1880*) er sú skoðun Anderssons að C-gerðin sé eldri eða upprunalegri en A-gerðin og að sú síðarnefnda hafi verið umsamin á kafla (Andersson 1964:165, Andersson og Miller 1989:66–74).

3. AM 561 4to

3.1 Skafnar síður

Eins og áður sagði er handritið AM 561 4to skert og illa varðveitt. Alls hafa 7 síður verið skafnar upp, þ.e. 9r, 16r, 23v, 24r, 31v, 32r og 37v. Á bl. 9r hefur verið skrifað upphafið á kómískri rímu og á bl. 23v, 24r og 16r er 5. ríma Úlfhams rímna (Vargstakna).¹⁷ Bl. 31v og 32r eru auð núna en á bl. 37v hefur verið skrifaður póstur úr Ljósvetninga sögu þar sem skrifarinn hefur sennilega skrifað upp aftur eitthvað af því sem stóð á síðunni eða útdrátt úr því. Björn Sigfússon segir um þetta (*ÍF10*:36):

¹⁶ Þýðingin er sennilega byggð á útgáfu Björns Sigfússonar í *ÍF10* (Andersson og Miller 1989: vii).

¹⁷ Ekki er ljóst hvaða kómíska ríma þetta er; um Úlfhams rímur í þessu handriti sjá Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001:xlvi–xlix.

Á 17. öld hefur einhver lesið þar það, sem hann gat, og skrifað það ofan í hið eldra ... Afrit þetta þarf ekki að vera neitt afbakað, svo langt sem það nær, en síðan í A hefur náð lengra.¹⁸

Textinn á þessari síðu er u.þ.b. 210 orð en á hana hefðu komist um 400 orð, e.t.v. nokkru fleiri.¹⁹ Líklegt er að hér sé um útdrátt að ræða en ekki er ljóst úr hve löngum texta dregið hefur verið saman.

Þessar viðbætur á uppsköfnu síðunum eru frá 17. öld. Ekki er ljóst af hverju blöðin hafa verið skafin en sennilega hafa kverin losnað úr bandinu, því að það eru útsíður kvera sem hafa fengið þessa illu meðferð. Ef kverin hafa verið laus úr bandinu hafa þau getað legið hér og þar og verður að teljast eðlilegt að útsíðurnar hafi getað máðst. Það er því líklegt að útsíðurnar hafi verið orðnar mjög máðar og jafnvel ólæsilegar þegar það sem sást af skrift var skafið út. Þó hafa ekki útsíður allra kvera orðið fyrir þessum skakkaföllum, t.d. útsíður fremsta kversins. 9r er útsíða kvers, en mótpart hennar í tvinni vantar þar sem það vantar blað sem á að vera á eftir 15. blaði.²⁰ 16r og 23v eru útsíður kvers, 24r og 31v eru útsíður og 32r og 37v eru útsíður. Taflan hér á eftir og meðfylgjandi myndir skýra ástand handritsins betur:


1. kver 8 bl. (16 bls.): 1r–8v
2. kver 7 bl. (14 bls.): 9r–15v, 1. bls. skafin, en aftasta blaðið vantar sem var 16. bl. (aftasta bls. hefur e.t.v. líka verið skafin)
3. kver 8 bl. (16 bls.): 16r–23v, 1. og 16. bls. skafin
4. kver 8 bl. (16 bls.): 24r–31v, 1. og 16. bls. skafin
5. kver 6 bl. (12 bls.): 32r–37v, 1. og 12. bls. skafin
6. kver 4 bl. (8 bls.): 38r–41v, vantar a.m.k. fremsta og aftasta blaðið í kverið svo að ekki verður vitað hvort útsíður kversins voru skafnar.

¹⁸ Í samræmi við þessa skoðun prentar Björn þennan texta sem hluta af meginmáli (*ÍF10*:36–39) og því fordæmi fylgja Guðni Jónsson (*Ísl.* 1947:105–06), Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólason (*Ísl.* 1971:200) og Theodore M. Andersson og William Ian Miller (1989:251–252) án þess að merkja póstinn sérstaklega, og útgefendur Svarts á hvítu (*Ísl.* 1986:1725–26). Þorgeir Guðmundsson og Þorsteinn Helgason telja að hér sé um útdrátt að ræða sem nái yfir alla eyðuna aftur að núverandi bl. 38v en gefa hann ekki út (*Ísl.* 1830:49). Guðmundur Þorláksson gaf þennan texta út með viðbætinum sem hann prentaði úr þessu handriti, reyndar með breyttu letri (*Ljósv.* 1880:265–66). Hið sama gera Valdimar Ásmundarson (*Ljósv.* 1896:133) og Benedikt Sveinsson (*Ljósv.* 1921:130–31), en Benedikt telur að eyðufyllara hafi tekið ófímlega upp (*Ljósv.* 1921:iv).


¹⁹ Ef aðeins vantar eitt blað aftan við uppsköfnu síðuna á 37v vantar um 1200 orð eða fleiri á þessum stað, en textinn er, eins og áður segir, aðeins um 210 orð.

²⁰ Rétt er að geta þess að hver tvö blöð í handriti eru venjulega samhangandi og mynda tvinn. Fjórum tvínum er svo raðað saman í kver sem er þá 8 blöð, þ.e. 16 bls. — stundum eru 6 blöð í kveri, stundum 10 og einstaka sinnum fleiri. Einnig kom fyrir að í kveri væri stakt blað, þannig að fjöldi blaða í kveri gat verið 5, 7 eða 9.


1. kver, 1r–8v
Reykdæla saga




2. kver, 9r–15v
9r skafið
Reykdæla saga




3. kver, 16r–23v
16r & 23v skafin
Reykdæla saga, –16v, Gull-Þóris saga 16v–




4. kver, 24r–31v
24r & 31v skafin
Gull-Þóris saga



5. kver, 32r–37v
32r & 37v skafin
Gull-Þóris saga 32r, Ljósvetninga saga 32v–



6. kver, 38r–41v
Ljósvetninga saga



3.2 Eyður í Reykdæla sögu og Gull-Þóris sögu

Greinilegt er að það vantar eitt til tvö kver framan á bókina, því að Reykdæla saga (bl. 1r–16v) byrjar í 13. kafla og miðað við textamagn annars staðar í handritinu hefði þessi hluti sögunnar átt að taka yfir eitt og hálft kver eða um 12 blöð.²¹ Ekki er ólíklegt að meira vanti framan af, þ.e. fleiri sögur, því að

²¹ Líklegt er að u.þ.b. 680 línur vanti framan á Reykdæla sögu sem hafi náð yfir 23 og hálfa bls. (ef gert er ráð fyrir 29 línur á bls. — eins og er á bl. 1r–8r í handritinu og víðar).

það er ósennilegt að handrit hafi byrjað á fjögurra blaða kveri.²² Svo er bl. 9r ólæsilegt sem er fremsta blað í kveri. Milli 15. og 16. bl. vantar blað – sem hefur verið aftasta blað í kveri – og bl. 16r er ólæsilegt en það er fremsta blað í kveri svo að þar er eyða sem nær yfir þrjár blaðsíður. Sem sagt, það vantar framan af Reykdæla sögu og svo eru tvær eyður, önnur ein blaðsíða og hin þrjár blaðsíður. Enginn hefur gert ráð fyrir að það vanti kver í handritið milli 15. og 16. bl. sem hafi verið týnt þegar á 17. öld.

Í Gull-Þóris sögu (16v–32r) eru tvær eyður vegna þess að bl. 23v–24r og 31v–32r hafa verið skafin upp. Reyndar hefur fræðimönnum tekist að lesa nánast allt á síðastnefndu síðunni, þótt efstu línur hennar hafi ekki verið lesnar að fullu, og þar með bjargað sögulokunum frá glötun (sjá *Þorsk. 1991*:224–27).²³ Ekki er talið að það vanti neitt í handritið milli kvera, þ.e. milli 23. og 24. bl. og 31. og 32. bl (sjá Kålund 1898:45).

3.3 Fyrsta eyðan í Ljósvetninga sögu milli 34. og 35. bl.

Erfiðara er að eiga við Ljósvetninga sögu (bl. 32v–41r) en Reykdæla sögu og Gull-Þóris sögu, en ljóst er þó að í henni eru þrjár eyður. Í fyrsta lagi vantar tvö blöð eða eitt tvinn inn í fremsta kverið (32.–37. bl.) af sögunni, sem er 6 bl. nú. Tvinnið sem vantar hefur verið innst í kverinu, þ.e. milli 34. og 35. bl. Ef aðeins vantar tvö blöð í þessa eyðu er ljóst að þættirnir þrír (Sörla þáttur, Ófeigs þáttur og Vöðu-Brands þáttur) hafa aldrei verið í handritinu og einnig að sagan sem kemur á eftir þáttunum um viðskipti Guðmundar ríka og Þóris Helgasonar hefur verið eitthvað styttri en í C-gerðinni. Gera má ráð fyrir að á þessum tveimur blöðum hafi verið verið 106 línur og texti sem kemst fyrir á

²² Íslendingasaga sem kemst fyrir á einu og hálfu kveri (12 blöðum) gæti t.d. verið Bandamanna saga (K-gerð), Droplaugarsona saga, Gunnars saga Keldugnúpsfífls, Hrafnkels saga Freysgoða og Vopnfirðinga saga (hér er miðað við texta þessara sagna í *Ísl. 1986* sem eru aðgengilegir hjá *Netútgáfunni* á Internetinu). Bandamanna saga (M-gerð), Kjalnesinga saga og Króka-Refs saga eru ívið of langar til að komast fyrir á um 12 bl., en Eiríks saga rauða og Hænsna-Þóris saga eru í stysta lagi. Auðvitað gætu fleiri sögur – langar sem stuttar – hafa verið fyrir framan Reykdæla sögu en þá verður að gera ráð fyrir að týnst hafi mjög mikið framan af handritinu. Ef fremst í handritinu hefur hins vegar verið stutt saga sem hefur aðeins tekið yfir um fjögur blöð (hálf kver), þá kemur einungis Þorsteins saga hvíta til greina af Íslendinga-sögum.

²³ Árna Magnússyni tókst að lesa nokkuð af síðunni og er uppskrift hans varðveitt í AM 495 4to (Kålund 1898:vi, 56) en Guðbrandur Vigfússon á samt mestan heiður að því að hafa lesið síðuna þótt Kristian Kålund og Finnur Jónsson hafi bætt svolitlu við lestur hans hvor um sig (sjá *Þorsk. 1991*:cx, cxxxiii–cxxxiv).

þeim hefur varla verið meira en 1500 orð (í mesta lagi um 1600) en í C-gerðinni eru á þessum kafla 1850 orð.²⁴ Af þessum 106 línur hafa um 40 línur farið undir síðari hluta 4. kafla, þ.e.a.s. ef gert er ráð fyrir að hann hafi verið svipaður í gerðunum tveimur og þá er eftir pláss fyrir um 66 línur en texti C-gerðar (fyrri hluti 13. kafla) myndi ná yfir 90 línur í AM 561 4to. Það getur ekki talist líklegt að þarna hafi verið 10 blaða kver eins og Guðmundur Þorláksson (*Ljósv. 1880:xxii*) telur í útgáfu sinni. Hann gerði samt ekki ráð fyrir því að þættirnir þrír hefðu verið í handritinu.²⁵ Guðbrandur Vigfússon er einnig þeirrar skoðunar að það vanti aðeins tvö blöð í þessa eyðu (sjá *Origines: 348*).

3.4 Hinar eyðurnar í Ljósvetninga sögu

Í þessu sama kveri (32.–37. bl) er bl. 37v skafið eins og áður hefur komið fram en það er aftasta blaðsíða kversins. Aftast í handritinu eru svo fjögur blöð (38.–41. bl.) eða tvö tvinn með samfelldan texta, svo að ljóst er að það vantar framan og aftan á kverið. Miðað við framvindu sögunnar er líklegt að aðeins vanti eitt blað á eftir uppsköfnu síðunni (37v) og þar af leiðandi að það vanti aðeins þrjár síður þar sem nú er eyða. Í C-gerðinni eru aðeins um 650 orð í þessari eyðu sem myndi ná yfir um 45 línur í AM 561 4to, sem er aðeins um ein og hálf bls. Í þessari eyðu gætu hafa verið 83 línur svo að greinilegt er að texti A- og C-gerðar hefur verið mjög frábrugðinn á þessum stað. Nú er það hins vegar þannig að röð efnisþátta er ekki sú sama í 13.–18. kafla í gerðunum tveimur og þar sem C-gerð hefur víða verið lengri framan við þessa eyðu er ekki ólíklegt að dæmið hafi snúist við þarna. Samt er of mikið að gera ráð fyrir því að í þessa eyðu vanti 5 bls. (bl. 37v + tvö bl.) því að þá myndi vanta u.þ.b. 139 línur eða um 2000 orð en í C-gerðinni eru um 650 orð á þessum stað eins og áður sagði. Slíkur reginmunur virðist ekki vera á gerðunum. Líklegast er því að í þessa eyðu vanti aðeins þrjár bls., þ.e. aðeins eitt blað hafi týnst.

Þetta leiðir hins vegar af sér að þá vantar aðeins eitt blað aftast í handritið og að aftasta kverið hafi aldrei verið meira en 6 blaða kver.²⁶ Ef sú er raunin er

²⁴ Hér eru talin orð í síðari hluta 4. kafla og framan til í 13. kafla, en ekki í 5.–12. kafla (þáttunum þremur).

²⁵ E.t.v. á Guðmundur við blaðsíður en ekki blöð og stendur þá allt heima að hann geri ráð fyrir að það vanti fjórar blaðsíður, þ.e. tvö blöð. Björn Magnússon Ólsen áttaði sig á þessum misreikningi Guðmundar en gerði samt ráð fyrir að þrjú blöð vantaði í handritið á þessum stað þótt þættirnir hefðu aldrei verið í því (1880–81:267).

²⁶ Alkunna er að kver aftast í handriti geta haft færri blöð en 8 til að fá ekki of margar auðar síður ef þannig stendur á textalokum.

afar ólíklegt að handritið hafi haft síðari hluta Ljósvetninga sögu að geyma, þ.e. Eyjólfss sögu og Ljósvetninga og Þórarins þátt ofsa. Niðurlag Guðmundar sögu ríka (kaflinn um draumfarir og dauða Guðmundar) hefur náð niður á hálfa síðu á aftasta blaði (næstöftustu bls.) því að miðað við C-gerð vantar aðeins u.þ.b. 15 línur aftan á 21. kafla, og afgangur síðunnar og aftasta síða handritsins verið auð.²⁷ Það væri hins vegar andstætt allri venju að gera ráð fyrir 6 bláða kveri ef Eyjólfss saga og Ljósvetninga og Þórarins þáttur ofsa hefðu verið í handritinu því að allur sá texti hefði verið um 710 línur í AM 561 4to, sem nær yfir ríflega 24 bls. (þ.e. rúmlega eitt og hálft kver), ef miðað er við 29 línur á hverri bls.²⁸

3.5 Handritið endurgert

Ef það er rétt sem haldið hefur verið fram hér að framan lítur handritið svona út.

Vantar sögu(r) framan við Reykdæla sögu?

1r–16v *Reykðæla saga*

Vantar eitt og hálft kver framan af

Bl. 9r skafið upp (fremst í 2. kveri)

Vantar blað milli 15. og 16. bl. (aftast í 2. kveri)

Bl. 16r skafið upp (fremst í 3. kveri)

16v–32r *Gull-Þóris saga*

Bl. 23v–24r og 31v–32r skafin upp

Bl. 32v–41v *Ljósvetninga saga*

Vantar 2 bl. milli 34. og 35. bl. (í miðju 5. kvers)

Bl. 37v skafið upp (aftast í 5. kveri)

Vantar 1 bl. milli 37. og 38. bl. (fremst í 6. kveri)

Vantar 1 bl. eftir 41. bl. (aftast í 6. kveri)

Aftasta kverið hefur aðeins verið 6 blöð.

²⁷ Það var algengt að fremsta og aftasta síða í handriti væru hafðar auðar vegna þess að saurbloð tíðkuðust ekki í miðaldahandritum og þá gegndu þessar síður að einhverju leyti hlutverki þeirra.

²⁸ Og þá þyrfti annað hvort að gera ráð fyrir að fleiri sögur hafi verið í handritinu aftan við Ljós-
vetninga sögu eða að aftasta kverið hafi verið afbrigðilegt að stærð en það er í sjálfa sér lík-
legt.

Með öðrum orðum, ef textinn í annarri eyðu Ljósvetninga sögu (milli 37r og 38r) í þessu handriti hefur ekki verið þeim mun lengri og frábrugðnari C-gerðinni er líklegt að sagan hafi verið aftast í handritinu eins og hún er nú og að aftasta kverið hafi aðeins verið 6 blöð. Þetta er í samræmi við það sem Guðbrandur Vigfússon hélt fram án þess að hann rökstyddi það. Hann segir að AM 561 4to (1878:lv):

probably never contained the later half of the Saga, and certainly omitted some of the episodes of the earlier part, e. g. Sorli and Vödu-Brand ...

Síðar verður Guðbrandur skýræltari án þess þó að færa rök fyrir máli sínu (sjá *Origines*:348):

The text of our Saga in this MS. exhibits some curious peculiarities. It has certainly never contained Sections II, III, IV, and in all human probability it never contained Sections VIII and IX.

„Sections II, III, IV“ eru þættirnir þrír (Sörla þáttur, Ófeigs þáttur og Vödu-Brands þáttur sem fylgja sögunni í C-gerð) og „Sections VIII and IX“ eru það sem Guðbrandur kallaði Guðmundarsona sögu og Þorgeirs þátt Hávarssonar, þ.e. Eyjólfss sögu og Ljósvetninga og Þórarins þátt ofsa. Benedikt Sveinsson benti einnig á að ekki verði fullyrt hvort „Eyjólfss saga“ hafi verið í AM 561 4to (*Ljósv.* 1921:iv). Björn Sigfússon (*ÍF10*) nefnir þennan möguleika hins vegar ekki og áður hafði hann talið að A-gerðin hefði haft alla söguna að geyma, m.a. vegna þess að til þess sé vísað í 21. kafla að Þorkels háks verði heftnt og að einn af sonum Guðmundar ríka verði veginn (1937:4, 10). Auðvitað er mögulegt að A-gerðin hafi í upphafi eða í einhverjum handritum náð yfir Eyjólfss sögu og Ljósvetninga þótt sá hluti Ljósvetninga sögu hafi aldrei verið í AM 561 4to.

4. Skyldleiki AM 561 4to við önnur handrit

Ekkert varðveitt handrit Ljósvetninga sögu, sem hefur verið athugað, virðist vera runnið frá AM 561 4to eins og fram kom í kafla 2.1. Gull-Þóris saga hefur e.t.v. ekki verið skrifuð upp fyrr en Ásgeir Jónsson gerði það fyrir Árna Magnússon í lok 17. aldar (AM 495 4to) og hefur eftirritið verið skrifað eftir að uppsköfnu síðurnar (23v, 24r, 31v og 32r) voru orðnar ólæsilegar; sagan var

einnig skrifuð upp eftir 561 á s.hl. 18. aldar (AM 400 fol og NKS 1752 4to). Svo virðist sem öll önnur pappírshandrit Gull-Þóris sögu séu runnin frá þessum uppskriftum (Kålund 1898:ix–x, *Þorsk. 1991:c*x). Það eru því eyður í þessari sögu sem verða ekki fylltar.

Reykðæla saga er einungis varðveitt í einu skinnhandriti, þ.e. umræddu AM 561 4to, en það er skörðótt, eins og áður hefur komið fram, og verður því að fylla textann eftir pappírshandritum. Reyndar er skinnbókin það mikið skert að hún hefur aðeins að geyma u.þ.b. 53% sögunnar. Björn Sigfússon (*ÍF10:xc*) segir að öll pappírshandritin séu runnin frá skinnhandritinu, eða m.ö.o. einu glötuðu afriti skinnhandritsins. Finnur Jónsson (*Reykd. 1881:i*, x–xi) fullyrðir hins vegar að aðeins eitt pappírshandritanna, ÍB 206 4to (J), sé skrifað eftir skinnbókinni, auk þess sem Árni Magnússon hafi skrifað niðurlag sögunnar (bl. 16v) upp eftir henni.²⁹ Skinnbókin sé hins vegar elsta systir mikilvægustu pappírshandritanna.³⁰ Hann lagði AM 158 fol til grundvallar útgáfu sinni þegar skinnhandritinu sleppti (*Reykd. 1881:iii*), en Björn Sigfússon lagði AM 507 4to til grundvallar (*ÍF10:xc*). Þorgeir Guðmundsson og Þorsteinn Helgason gáfu söguna út eftir AM 161 fol þar sem AM 561 4to sleppti og fannst „alllíklegt“ að það væri skrifað eftir AM 561 4to en sögðust ekki geta fullyrt það (*Ísl. 1830:7–8*). Ef handritin eru öll runnin frá skinnbókinni hefur hún verið afrituð áður en hún skertist, nema hvað eyða undir lok sögunnar verður ekki fyllt (sjá *ÍF10:242*), þ.e. bl. 16r hefur verið orðið ólæsilegt að hluta, en ekki bl. 9r og blaðið milli 15. og 16. blaðs hefur enn verið á sínum stað, sem og öll blöð með sögunni fyrir framan núverandi fremsta blað.

Textinn sem er varðveittur í pappírshandritunum en er horfinn með blaðinu, sem var á milli bl. 15v og 16v í AM 561 4to, er alls 1041 orð sem myndi ná yfir u.þ.b. 72 línur í 561. Ef gert er ráð fyrir 30 línur á bls., eins og er á bl. 15, þ.e. næsta blaði fyrir framan eyðuna, hefur afritara tekist að lesa allt týnda blaðið og 12 línur af bl. 16r eða rúmlega þriðjung síðunnar. Afrit Reykðæla sögu hefur því verið skrifað áður en blaðið týndist og áður en útsíður kveranna voru skafnar (9r og 16r) og rímurnar skrifaðar í staðinn. Á hinn bóginn er lík-

²⁹ Uppskriftn er varðveitt í AM 507 4to (*Reykd. 1881:viii*).

³⁰ Þau eru AM 158 fol (A), AM 496 4to (B), AM 161 fol (C), AM 507 4to (D), Rask 27 (E), Rask 37 (F), NKS 1714 4to (G), Kall 244 fol (H), Thott 984 II fol (I), ÍB 384 4to (K) og NKS 1704 4to (L) og segir Finnur að CGIK heyri til sama flokks og DEFH til annars (*Reykd. 1881:i–x*). Þessi flokkun Finns stenst ekki þegar litid er til þess að handritin CDG (auk ABL) hafa ekki lokaorð sögunnar sem eru á bl. 16v í AM 561 4to (í D hefur þeim reyndar verið bætt við síðar), en EFHIK (auk J) hafa þau.

legt að útsíður kveranna hafi verið orðnar máðar og 16r virðist hafa verið sérstaklega máð. Ekki er vitað hvenær sagan var skrifuð upp en af mörgum ástæðum er sennilegast að það hafi verið gert um miðja 17. öld. Það er því öruggt að einhver hafi tekið sig til og skrifað Reykdæla sögu upp áður en handritið varð fyrir verulegum skakkaföllum. Hann hefur samt orðið að sætta sig við að bl. 16r hafi verið ólæsilegt að miklu leyti.

Endi sögunnar, sem er á bl. 16v í AM 561 4to, vantar í 6 pappírshandritanna sem Finnur Jónsson (*Reykd. 1881*:144–45) rannsakaði og hann fullyrðir að hin handritin 5, sem hann taldi systurhandrit 561, hafi sögulokin eftir því. Með öðrum orðum þá enda 6 handrit á stað sem samsvarar 12. línu á bl. 16r í 561 en 5 handritum lýkur á bl. 16v og í þeim öllum er gerð tilraun til að fylla upp í eyðuna;³¹ og samkvæmt Finni á endirinn í þeim að vera ættaður frá 561. Það verður að teljast líklegra að handritin séu öll komin út af 561 eins og Björn Sigfússon heldur fram en nánari rannsókn á sambandi þessara handrita bíður betri tíma. Hins vegar er þessi eyða í sumum handritunum undarleg ef öll pappírshandritin eru komin út af einni uppskrift eftir 561. E.t.v. voru gerðar tvær uppskriftir eftir 561, annar skrifarinn las 12 línur af 16r og alla 16v og gerði tilraun til að fylla upp í eyðuna með örfáum orðum. Hinn stansaði hins vegar í 12. línu á 16r og láðist að fletta yfir á 16v til að huga að framhaldi sögunnar og hefur haldið að sagan hefði ekki náð lengra en á bl. 16r. Ef þessi tilgáta er rétt ættu pappírshandritin að falla í tvo meginflokka.³²

5. Saga AM 561 4to

Í AM 435 4to kemur fram að Árni Magnússon átti AM 561 4to árið 1702 (*Katalog*:713). Hann hlýtur þó að hafa eignast handritið fyrr því að hann lét Ásgeir Jónsson skrifa Gull-Þóris sögu eftir því og er uppskriftin varðveitt í

³¹ Eyðufyllingin er aðeins 34 orð en í eyðuna ætti að vanta um 260 orð. Finnur Jónsson birtir hana og neðanmáls prentar hann eyðufyllingu eftir Hallgrím Scheving (*Reykd. 1881*:144–45). Valdimar Ásmundarson birti stuttu eyðufyllinguna á sínum stað í sögunni án þess að merkja hana sérstaklega en eyðufyllingu Hallgríms í formála (*Reykd. 1897*:iii–iv, 98), Benedikt Sveinsson birti stuttu eyðufyllinguna á sínum stað í sögunni án þess að merkja hana sérstaklega (*Reykd. 1923*:103) og Björn Sigfússon birti stuttu eyðufyllinguna neðanmáls (*ÍF10*:242).

³² Ef þessi tilgáta er rétt hefur síðari skrifarinn örugglega ekki skrifað upp Gull-Þóris sögu því að þá hefði hann séð sögulok Reykdæla sögu á bl. 16v (alls 22 línur). Í sjálfu sér er ekki ólíklegt að Gull-Þóris saga og Ljósvetninga saga – önnur hvor eða báðar – hafi einnig verið skrifaðar upp um svipað leyti og Reykdæla saga en að þær uppskriftir hafi glatast áður en þær voru skrifaðar upp.

AM 495 4to (Kålund 1898:ix). Ásgeir hefur annað hvort gert það á árunum 1686–88 eða 1697–98 þegar hann var í Kaupmannahöfn og skrifaði mikið fyrir Árna (Guðvarður Már Gunnlaugsson 2001:109).

Á spássíum AM 561 er lítið eitt af kroti frá 15.–17. öld, þar á meðal nöfn, og athugasemdir með hendi Árna Magnússonar (*Katalog*:713). Ekki hefur tekist að hafa uppi á þeim einstaklingum sem þar eru nefndir (sjá m.a. Kålund 1898:ii).

Árni Magnússon segir að Elín Þorláksdóttir hafi sagt sér að faðir hennar, Þorlákur Skúlason (1597–1656) Hólabiskup, hafi átt handritið (*Katalog*:713), en ekkert er vitað um sögu þess að öðru leyti. Þótt það komi ekki fram er líklegast að Árni hafi fengið handritið hjá fyrrnefndri Elínu en hún erft það eftir Þorlák.

Aðalheiður Guðmundsdóttir (2001:xlvi) hefur bent á að skriftin á Úlfhams rímum á uppsköfnu síðunum í AM 561 4to sé áþekk skrift Björns Jónssonar (1574–1655) lögréttumanns á Skarðsá, en hann var einn af skrifurum Þorláks Skúlasonar (sjá Stefán Karlsson 1997:178–85). Ekki verður betur séð en að sama rithönd sé á kómísku rímunni (9r), Úlfhams rímum (16r, 23v og 24r) og útrættinum (37v) (sbr. *Katalog*:713). Rithöndin líkist hendi Björns að töluverðu leyti en nánari athugun leiðir í ljós að hann getur varla hafa skrifað þetta. Kr. Kålund segir að skriftin sé óæfð og klunnaleg (*Katalog*:713). Skrift Björns er að vísu ekki áferðarfallæg en hún verður seint sögð óæfð.

Hvað sem því líður er líklegast að handritið hafi verið skrifað upp (a.m.k. Reykdæla saga) og útsíður nokkurra kvera skafnar upp á árunum 1630–50. Ástæðan er sú að á tímabilinu 1550–1630 var lítið um að Íslendingasögur væru skrifaðar upp en uppskriftabylgja hófst fljótlega eftir að Þorlákur Skúlason varð biskup á Hólum árið 1628 (Stefán Karlsson 1997:175–76) og því líklegt að hann hafi látið skrifa AM 561 4to upp. Auk þess minnir klunnaleg rithöndin á uppsköfnu síðunum frekar á skrift manna á fyrri hluta 17. aldar en síðari hluta aldarinnar. Líklegt er svo að blöð hafi týnst úr handritinu í framhaldi af því að e.t.v. var minna hirt um það eftir að búið var að skrifa það upp, enda vildu gamlar bækur verða „forrotnaðar“ að sögn Björns Jónssonar á Skarðsá (sjá Stefán Karlsson 1997:176).

6. Lokaorð

Hér að framan voru færð að því rök að síðari hluti Ljósvetninga sögu, þ.e. Eyjólfss saga og Ljósvetninga og Þórarins þáttur ofsa, hafi aldrei verið í AM 561 4to. Jafnframt var tekið undir skoðanir fyrri fræðimanna um að Sörla þáttur, Ófeigs þáttur og Vöðu-Brands þáttur hafi ekki heldur verið í þessu handriti. Í 561 hafi aðeins verið fyrri hluti Ljósvetninga sögu án allra þátta sem taldir hafa verið viðbót við söguna af sumum fræðimönnum. Þar sem umrætt handrit er eini fulltrúi A-gerðar sem vitað er um, verður auðvitað ekkert fullyrt um hvort upphafleg A-gerð hafi verið án fyrrnefndra þátta og alls síðari hluta Ljósvetninga sögu eða ekki.

Af framansögðu má vera ljóst að þörf er á að taka Ljósvetninga sögu og Reykdæla sögu og gefa þær út að nýju þar sem tekið verður tillit til allra pappírshandrita sem finnast, en þau eru fleiri en Guðmundur Þorláksson, Finnur Jónsson og Björn Sigfússon vissu um eða létu sér nægja að líta á. Guðmundur vissi aðeins af 13 pappírshandritum af Ljósvetninga sögu (*Ljósv. 1880*:xxiv–xxv, xxviii–xxxii) og Finnur vissi um 14 af Reykdæla sögu (*Reykð. 1881*:i–xii) en Björn telur að þau séu yfir 30 af hvorri sögu. Lausleg talning í handritaskrár leiðir í ljós að þau eru sennilega yfir 40 af Ljósvetninga sögu en e.t.v. eru þau ekki mikið fleiri en 30 af Reykdæla sögu.

Ný rannsókn á Reykdæla sögu ætti að geta leitt í ljós hvort öll pappírshandrit sögunnar eru komin út af AM 561 4to eða ekki og leysa gátuna um niðurlag sögunnar sem er í sumum handritanna en vantar í önnur. Ný rannsókn á Ljósvetninga sögu ætti einnig að geta leitt í ljós hvort öll pappírshandrit sögunnar eru komin út af AM 162 C fol eða ekki, en einnig ætti að vera hægt að komast að sambandi AM 514 4to og hinna pappírshandritanna. En útgáfa Ljósvetninga sögu er ekki áhlaupaverk og má í því sambandi minna á orð Guðbrands Vigfússonar um að það sé ekki fyrir viðvaning að gefa söguna út, eða eins og hann orðaði það (*Origines*:348):

one would not be too severe on this work [*Ljósv. 1880*], for to edit this Saga is no task for a prentice hand, and the state of the text demands exceptionally delicate treatment.

HEIMILDIR

- Aðalheiður Guðmundsdóttir (útg.). 2001. *Úlfhams saga*. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 53. Reykjavík.
- Andersson, Theodore M. 1964. *The Problem of Icelandic Saga Origins*. A Historical Survey. Yale University Press, New Haven & London.
- Andersson, Theodore M. 2006. *The Growth of the Medieval Icelandic Sagas (1180–1280)*. Cornell University Press, Ithaca & London.
- Andersson, Theodore M. & William Ian Miller (útg.). 1989. *Law and Literature in Medieval Iceland*. Ljósvetninga saga and Valla-Ljóts saga. Stanford University Press, Stanford.
- Björn Magnússon Ólsen. 1880–81. Ritdómur um Íslenzkar fornsögur, gefnar út af hinu íslenska bókmentafélagi. I. Glúma- og Ljósvetningasaga. Khöfn 1880. *Tímarit Hins íslenska bókmentafélags* 1:261–69.
- Björn Sigfússon. 1937. Um Ljósvetninga sögu. *Studia Islandica – Íslensk fræði* 3. Sigurður Nordal útg. Ísafoldarprentsmiðja H.F., Reykjavík.
- Guðbrandur Vigfússon [Guðbrand Vigfusson] (útg.). 1878. *Sturlunga saga including The Íslendinga saga of lawman Sturla Þórðarson and other works*. Oxford.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. 2001. Leiðbeiningar Árna Magnússonar. *Gripla* 12:95–124.
- ÍF10 = Ljósvetninga saga með þáttum, Reykdæla saga ok Víga-Skútu, Hreiðars þátrr. *Íslensk fornrit* 10. Björn Sigfússon útg. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1940.
- Ísl. 1830 = Ljósvetninga saga, Svarfdæla saga, Vallaljóts saga, Vemundar saga ok Víga-skútu, Víagaglúms saga eptir gömlum handritum útgefnar. *Íslendinga sögur* 2. [Þorgeir Guðmundsson og Þorsteinn Helgason útg.] Hið konunglega norræna fornfræða félag, Kaupmannahöfn, 1830.
- Ísl. 1947 = *Íslendinga sögur* 9. Þingeyinga sögur. Guðni Jónsson útg. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík, 1947.
- Ísl. 1971 = *Íslendinga sögur*. Víga-Glúms saga, Þorvalds þáttur tasalda, Svarfdæla saga, Valla-Ljóts saga, Ljósvetninga saga með þáttum, Reykdæla saga og Víga-Skútu, Hreiðars þáttur, Króka-Refs saga, Ölkofra þáttur. *Íslenzkar fornsögur* 6. Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólason útg. Skuggsjá, 1971.
- Ísl. 1986 = *Íslendinga sögur og þættir*. [2 bindi.] Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson, Örnólfur Thorsson útg. Svart á hvítu, Reykjavík, 1985–86.
- Katalog over den Arnemagnæanske håndskriftsamling* I. Kommissionen for det Arnemagnæanske Legat. København, 1889.
- Kålund, Kr. (útg.). 1898. *Gull-Þóris saga eller Þorskfirðinga saga*. Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur. København.
- Ljósv. 1880 = *Íslenzkar fornsögur* 1. Glúma og Ljósvetninga saga. [Guðmundur Þorláksson útg.] Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn, 1880.
- Ljósv. 1896 = *Ljósvetninga saga*. Íslendinga sögur 14. Vald. Ásmundarson útg. Reykjavík, 1896.
- Ljósv. 1921 = *Ljósvetninga saga*. Íslendinga sögur 14. Benedikt Sveinsson útg. Reykjavík, 1921.
- Magerøy, Hallvard. 1957. *Sertekstproblemet i Ljósvetninga saga*. Avhandlingar utgitt

- av Det Norske Videnskaps-Akademi i Oslo. II. Hist.-Filos. Klasse 1956. No. 2. H. Aschehoug & co (W. Nygaard), Oslo.
- Netútgáfan*. <http://www.snerpa.is/net/>. [Skoðuð síðast 15. maí 2006.]
- Origines Islandicae*. A Collection of the More Important Sagas and Other Native Writings Relating to the Settlement and Early History of Iceland 2. Gudbrand Vigfusson & F. York Powell útg. & þýð. Oxford, 1905.
- Páll Eggert Ólason. 1949. *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* II. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Reykð. 1881* = *Íslenzkar fornsögur* 2. Reykdæla og Valla-Ljóts saga. [Finnur Jónsson útg.] Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn, 1881.
- Reykð. 1897* = *Reykðæla saga*. Íslendinga sögur 16. Valdimar Ásmundarson útg. Reykjavík, 1897.
- Reykð. 1923* = *Reykðæla saga*. Íslendinga sögur 16. Benedikt Sveinsson útg. Reykjavík, 1923.
- Stefán Karlsson. 1970. Ritun Reykjarfjarðarbókar. Excursus: Bókagerð bænda. Opuscula IV, bls. 120–40. *Bibliotheca Arnarnæana* 30. Ejnar Munksgaard, København. [Endurpr. í Stefán Karlsson 2000:310–27.]
- Stefán Karlsson. 1997. Skrifarar Þorláks biskups Skúlasonar. *Skaðagrös*. Skrif til heiðurs Sigurjóni Björnssyni sjötugum 15. nóvember 1996, bls. 175–200. Ritstj. Sölvi Sveinsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. [Endurpr. í Stefán Karlsson 2000:383–402.]
- Stefán Karlsson. 2000. *Stafrókar*. Safn ritgerða eftir Stefán Karlsson gefið út í tilefni af sjötugsafmæli hans 2. desember 1998. Ritstj. Guðvarður Már Gunnlaugsson. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 49. Reykjavík.
- Porsk. 1991* = Harðar saga, Bárðar saga, Þorsfirðinga saga, Flóamanna saga, Þórarins þátrr Nefjólfssonar, Þorsteins þátrr uxafóts, Egils þátrr Síðu-Hallssonar, Orms þátrr Stórolfssonar, Þorsteins þátrr tjaldstæðings, Þorsteins þátrr forvitna, Bergbúa þátrr, Kumlbúa þátrr, Stjörnu-Odda draumr. *Íslensk fornrit* 13. Þórhallur Vilmundarson og †Bjarni Vilhjálmsson útg. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1991.

SUMMARY

‘The Ms AM 561 4to of Reykdæla saga, Gull-Thoris saga and Ljósvetninga saga.’

Keywords: A codicological study; Old Norse *þættir*, i.e. „tales“.

This article deals with the manuscript AM 561 4to and with sagas which it contains: *Reykðæla saga*, *Gull-Þóris saga* (*Þorsfirðinga saga*) and *Ljósvetninga saga*. Owing to the absence of many leaves in the manuscript and the fact that some pages have been scraped into illegibility, these sagas have many lacunae. In addition, the first half of *Reykðæla saga* is missing.

All of the last part of *Ljósvetninga saga* is missing in this manuscript, and there are three lacunae in the first part. This saga is also preserved in AM 162 C fol, which is part of a large manuscript containing sagas, and in many paper manuscripts. All of the paper manuscripts which have been examined are thought to derive from AM 162 C; this version of the saga is called the C-version. The saga as preserved in AM 561 is

called the A-version. There is a considerable difference between these two versions. First of all, *Sörla þáttur*, *Ófeigs þáttur*, *Vöðu-Brands þáttur* and *Þórarins þáttur ofsa* do not appear in AM 561, and there is also a considerable difference in that the first chapters after the three *þættir* in the C-version.

By means of a study of the divisions among the gatherings in AM 561 4to, the article attempts to estimate how much of *Ljósvetninga saga* is missing, concluding that the *þættir* were never part of the saga in the manuscript. This accords with the view of Guðmundur Þorláksson (*Ljósv.* 1880). The study of the gatherings also makes it evident that it is very unlikely that the last part of the saga was in this manuscript. The passage on the death of Guðmundur ríki of Möðruvellir was most probably the final chapter of the saga in this manuscript. The story of the dealings of Eyjólfur of Möðruvellir with the men of Ljósavatn, as well as *Þórarins þáttur*, were never a part of the manuscript. Since AM 561 4to is the only representative of the A-version there is no way of knowing whether the last part of the saga was lacking in the archetype (or in other, lost manuscripts) of this version.

Guðvarður Már Gunnlaugsson
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Háskóla Íslands
Árnagarði við Suðurgötu
IS-101 Reykjavík, Ísland
gudvardr@hi.is